



Mígrénylyf


Útgjöld TR vegna mígrénylyfja í ATC flokki N02C jókst um 7,4 % milli árunna 2006 og 2007, meðan notkunin (DDD) jókst um 2,5%. Á árinu 2007 voru útgjöld TR vegna sérhæfðra serótóninvirkra lyfja (triptanlyfja) tæplega 90 millj.kr., þar af var kostnaður vegna sumatriptan 67 millj. kr. Sumantriptan stungulyf og úðar voru um 15% (9,9 millj.kr) af útgjöldum TR vegna sumatriptan. Um 2.600 einstaklingar fengu ávísað triptanlyfjum á árinu 2007.

Helsta skýring á auknum útgjöldum TR vegna mígrénylyfja er að gefin voru út um 25% fleiri lyfjaskírteini á árinu 2007 miðað við 2006.

Mynd 1. sýnir uppreiknað verð miðað við 12 töflur af triptan skömmtum sem teljast jafngildir. Með tilkomu samheitalyfsins Sumacta (sumatriptan) sem kom á markað í nóvember 2007 lækkaði lyfjaverð á 50 mg töflum um 37% og 100 mg töflum um 51%. Samkvæmt sænskum ráðleggingum er sumatriptan fyrsta val ef nota þarf triptanlyf.

<http://www.janusinfo.se/klokalistan/external/baselist.asp?action=SEARCH&gID=2752>

Mynd 1




Mynd 2. sýnir uppreiknaða 12 skammta af öðrum lyfjaförum. Stungulyfið er ekki ráðlagt nema í sérstökum tilfellum eins og t.d við Hortons höfuðverk og ætti ekki að vera fyrsta val í meðferð við mígrény vegna fleiri aukaverkana.

http://irf.dk/dk/rekommandationsliste/baggrundsnotater/nervsystemet_analgetika_og_psykofarmaka/atc-gruppe_n02c_96_migraenemidler_mm.htm

Lyfjagæild Tryggingastofnunar tilheyrir sjúkratryggingasviði og sinnir málaflokkum: lyf, næring og sérþæði. Almennatryggingar taka þátt í lyfjakostnaði almennings og veita styrki til kaupa á næringu og sérþæði skv. tilteknum reglum.

Ábyrgðamenn fréttabréfs TR eru Guðrún I. Gylfadóttir, deildarstjóri, Margrét R Kristjánsdóttir, lyfjafraeðingur og Sigurður Helgason, lækni

Mynd 2



Greiðsluþáttaka TR í triptanlyfjum takmarkast við ákveðið magn á lyfjaávisun:

- Sumacta/Imigran Radis:** 12 stk af 50 mg og 6 stk af 100 mg töflum
- Imigran:** 6 stk af einnota nefúðatækjum (1 pkn) og 2 stk af einnota stungulyfjum (1 pkn)
- Maxalt Smelt:** 12 stk af 5 mg og 6 stk af 10 mg töflum
- Relpax:** 24 stk af 20 mg og 12 stk af 40 mg töflum
- Zomig Rapimelt:** 12 stk af 2,5 mg og 6 stk af 5 mg töflum
- Zomig:** 6 stk af einnota nefúðatækjum (3 pkn)
- Almogran:** 12 stk af 12,5 mg töflum

Læknir getur sótt um lyfjaskírteini fyrir einstakling sem hefur ótvíræða greiningu á mígrény, mígrényköst séu a.m.k. 4 í mánuði og önnur meðferð hefur reynst ófullnægjandi.

Útgáfa lyfjaskírteinis heimilar ávísun/afgreiðslu á 100 daga skammti.

<http://www.tr.is/heilsa-og-sjukdomar/lyf/vinnureglur-fyrir-lyfjaskirteini/>

Með skynsamlegum ávísunum lyfja er hægt að lækka lyfjakostnað samfélagsins umtalsvert án þess að minnka gæði meðferðar.

Upplýsingar eru fengnar úr tölfraeðigagnagrunni TR og byggja á afgreiddum lyfseðlum sem apótek senda með rafrænum hætti.

<http://irf.dk/dk/soeg.htm?q=imigran&parent=-1&iRangeSize=10>
<http://www.janusinfo.se/imcms/servlet/StartDoc>
<http://lgn.is/lyfjaverdskra.php>
<http://www.lyfjastofnun.is/>
<http://www.tr.is/>